

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. desember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-35/2018.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. apríl 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af einstaklingi í gegnum bílasöluna Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin.

### II

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Hinn 4. október 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem álitsbeiðanda var leiðbeint um þær kröfur sem hún gæti mögulega haft uppi í málinu, sem réttara væri þó að beina gegn fyrrum eiganda bifreiðarinnar. Álitsbeiðanda var bent á að nauðsynlegt væri að gera sérstakar kröfur á hendur gagnaðila í málinu en engar kröfur er að finna í álitsbeiðninni. Þá var óskað eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda, gögnum sem sýna fram á ástand bifreiðarinnar, vottorði frá verkstæði eða reikninga fyrir viðgerðum.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

### II

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson